

STARFSEMI VIRK

VIGDÍS JÓNSDÓTTIR
Framkvæmdastjóri VIRK





Dagskrá

1. VIRK í 15 ár
2. Árið 2022 hjá VIRK
3. Hverjir leita til VIRK?
4. Mat einstaklinga á þjónustunni
5. Heildarúttekt á VIRK
6. Vinna og heilsa
7. Vinnum saman



Fyrir 15 árum.....



VIRK í 15 ár

- Um 21 þúsund einstaklingar hafa komið til VIRK
- Um 16 þúsund einstaklingar hafa lokið þjónustu hjá VIRK og af þeim fóru um 13 þúsund á vinnumarkað, í nám eða í atvinnuleit
- Í dag eru um 2500 einstaklingar í þjónustu VIRK
- Um 110 starfsmenn og ráðgjafar
- Um 500 ytri þjónustuaðilar
- Mikil fagleg þróun. Þverfagleg þjónusta og ICF flokkunarkerfið nýtt í allri starfsemi VIRK
- ISO 9001 gæðavottun, ISO 27001 upplýsingaöryggisvottun og IST 85 2012 jafnlaunavottun



VIRK í 15 ár – frh.

- Um 90% þeirra sem ljúka þjónustu VIRK eru ánægð með þjónustuna (*samkvæmt þjónustukönnunum*)
- 75% telja að þjónusta og úrræði á vegum VIRK hafi aukið starfsgetu sína
- 81% landsmanna telja VIRK hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag (*skv. könnun Maskínu 2022*)
- 6 af hverjum 10 einstaklingum þekkja einhvern sér nákominn sem hefur verið í þjónustu VIRK (*skv. könnun Maskínu 2022*)



Árið 2022 hjá VIRK


- 2306 nýir einstaklingar í þjónustu. 1760 einstaklingar luku þjónustu
- 31% karlar og 69% konur
- Meðaltími í þjónustu hjá þeim sem luku þjónustu á árinu 2022 var 12,6 mánuðir
- 85% útskrifaðra einstaklinga eða 1496 einstaklingar voru annað hvort í vinnu, atvinnuleit eða í námi við útskrift
- Atvinnulífstenglar VIRK fundu 278 ný störf fyrir einstaklinga sem útskrifast með skerta starfsgetu eða eiga erfitt með að finna starf við hæfi

Talsverð breyting á fyrstu mánuðum ársins 2023:


Umsóknum um þjónustu VIRK hefur **fjölgað um 15%** tímabilið jan.-mars 2023 samanborið við sama tímabil árið 2022.

Hverjir leita til VIRK?

Einstaklingar á öllum aldri, úr flestum starfsgreinum og með mismunandi menntun






- Andlegur vandi
- Flókinn og fjölpættur vandi. Oft sjúkdómsgreiningar í mörgum sjúkdómaflokkum auk annarra vandamála



- Oft erfið fjárhagsstaða
- 40% af þjónustugegum VIRK eiga erfitt með að ná endum saman – samanborið við 11% almennings (skv. könnunum)

Þjónustan skilar aukinni starfsgetu og betri lífsgæðum

Niðurstöður úr þjónustukönnun á árinu 2022



Heildarúttekt á VIRK

- Framkvæmd samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 60/2012
- Niðurstöðum skilað í lok árs 2022
- Markmiðið var að leggja mat á hvort framlögum til VIRK hafi verið ráðstafað með sem skilvirkustum hætti í þágu þeirra markmiða sem stefnt var að og að kanna hvort þjónusta VIRK hafi haft mælanleg áhrif á örorkubyrði lífeyrissjóða og almannatrygginga og nýgengi örorku
- Úttektin var viðamikil, stóð yfir í um 2 ár og skýrslan inniheldur eftirfarandi kafla:
 1. Stjórnsýsla og starfsemi VIRK
 2. Þróun örorkubyrði, nýgengi örorku og reiknilíkan fyrir afdrif þátttakenda
 3. Úrtaksrannsókn. Afdrif, reynsla og viðhorf einstaklinga

Heildarúttekt á VIRK – niðurstöður

- Engar af þeim ábendingum og athugasemdum sem nefndin kom með fólu í sér athugasemdir varðandi það hvernig VIRK hefur ráðstafað fjármagni í þágu markmiða laga nr. 60/2012
- Meginumfjöllunarefni skýrslunnar er gagnrýni á heildstætt kerfi endurhæfingar og gildandi lagaumhverfi
- VIRK getur tekið undir hluta af þessum ábendingum og hefur lýst yfir vilja til að vinna með ráðuneytinu í þessum verkefnum
- Skýrslan inniheldur marga jákvæða þætti er varða starfsemi VIRK

Úrtaksrannsókn sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun:

- 72% af þjónustuþegum VIRK sem ljúka þjónustu telja að starfsendurhæfingin hafi nýst þeim mjög vel
- Almennt mikil ánægja meðal þjónustuþega – einnig hjá þeim sem ekki luku þjónustu

Heildarúttekt á VIRK - niðurstöður

Niðurstaða skoðunar á þróun örorku og endurhæfingu hjá bæði lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins:

- Mun fleiri hafa endurhæfst á árunum 2015-2019 en vænta mátti samkvæmt reynslu árána 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað)
- Örorkubyrði hjá Tryggingastofnun á árunum 2015-2019 er 2,4% lægri en hún var á árunum 2000-2004 (áður en VIRK var stofnað)
- Örorkubyrði hjá lífeyrissjóðum hefur dregist talsvert saman eða um 13,7% milli tímabilanna 2000-2004 og 2015-2019
- Fram kemur í skýrslunni að hjá lífeyrissjóðum hafi aukin endurhæfing „náð að eyða áhrifum aukins nýgengis“



Höldum áfram!

Það hefur ýmislegt áunnist á undanförunum 15 árum en mörg hættumerki eru til staðar sem kalla á frekari þróun og breytingar

Ýmis hættumerki, m.a. eftirfarandi:

- Geðheilbrigði og aukin endurhæfingarpörf hjá ungu fólki
- Lífsstílssjúkdómar og áhrif þeirra
- Úrelt kerfi framfærslu og stuðnings

Kallar m.a. á:


- Auknar forvarnir
- Áframhaldandi eflingu á starfsendurhæfingu og virkni
- Breytt heildarkerfi, hugmyndafræði og viðhorf hvað varðar tengsl vinnu og veikinda



Mikilvægi vinnu

Mikilvægi vinnu hjá einstaklingum sem leita til VIRK

Spurningin: Hversu mikilvægt er fyrir þig að vera í vinnu, ef 0 þýðir
alls ekki mikilvægt og 10 mjög mikilvægt?



- Vinna er einstaklingum yfirleitt mjög mikilvæg
- Vinna er almennt góð fyrir bæði andlega og líkamlega heilsu
- Að vera frá vinnu getur ógnað heilsu og lífsgæðum meira en margir alvarlegir sjúkdómar

Vinna og heilsa

- Viðtekið viðhorf að fólk þurfi að vera alveg heilt heilsu til að geta unnið
- Fjöldi fólks á vinnumarkaði glímir við heilsubrest
- Það er ekki alltaf skynsamlegt að beina fólki alfarið frá atvinnuþátttöku
- Skoða þarf heildar réttindakerfi á vinnumarkaði út frá nýrri hugsun og nýjum veruleika. Tryggja þarf:
 - Trygga framfærslu
 - Skýra réttarstöðu og lítið flækjustig
 - Sveigjanleika
 - Stuðning við endurkomu til vinnu

Kallar á heildarendurskoðun á öllu stuðnings- og framfærslukerfi fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu



VINNUM SAMAN!

